

**3385. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
10. október 2019 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

2. 1906105 - Brunabótafélag - aðalfundarboð fulltrúaráðs

Fundargerð aðalfundar Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélag Íslands frá 20. september 2019.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

1. 1901119 - Frumvörp, reglur og þingsályktunartillögur til umsagnar 2019

122. mál til umsagnar - frumvarp til laga um ráðstafanir til hagkvæmra uppbyggingar háhraða fjarskiptaneta.

26. mál til umsagnar - frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988 (endurgreiðsla virðisaukaskatts), 26. mál.

22. mál til umsagnar - tillaga til þingsályktunar um rannsóknir á þunglyndi meðal eldri borgara.

101. mál til umsagnar - frumvarp til laga um skráningu einstaklinga.

16. mál til umsagnar - frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, með síðari breytingum (framlög til sjálfstætt rekinna grunnskóla).

237. mál til umsagnar - Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, og sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011

Lagt fram til kynningar.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að koma á framfæri athugasemdum Akraneskaupstaðar vegna frumvarps um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

3. 1904136 - Suðurgata 108 - verðmat, framkvæmdir, sala

Kynning á verðmati og greinargerð frá Gunnari Erni Sigurðssyni arkitekt.

ELA vísar af fundi og RBS tekur sæti á fundinum.

Bæjarfulltrúarnir VLJ og RBS samþykkja að undirbúið verði söluferli eignarinnar sem bundið verði tilteknum skilyrðum/kvöðum um endurbætur. Málið komi á ný fyrir bæjarráð áður en endanlega ákvörðun verður tekin. Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins til undirbúnings fyrir næsta reglulega fund ráðsins.

RÓ áréttar fyrri afstöðu sína um andstöðu við að húsið sé selt sbr. fund bæjarráðs nr. 3374 þann 16. maí síðastliðinn og er því á móti við atkvæðagreiðsluna nú.

4. 1909276 - Fjárhagsáætlun - viðauki

Skipulags- og umhverfisráð samþykkti á fundi sínum þann 30. september 2019 fyrirbyggjandi viðauka á fjárfestinga- og framkvæmdaáætlum 2019 og vísar honum til bæjarráðs.

Bæjarráð samþykkir viðauka nr. 14 við fjárhagsáætlun ársins 2019 og vísar til bæjarstjórnar til endanlegrar samþykktar.

Viðaukinn felur í sér tilfærslur á milli verkefna en er án breytinga á heildarfjárhæð fjárfestinga í áætluninni.

5. 1905206 - Hleðslustöðvar á Akranesi - samstarf

Skipulags- og umhverfisráð samþykkti á fundi sínum þann 30. september síðastliðinn reglur um styrki til hleðslustöðva fyrir rafbíla við fjöleignarhús og vísar þeim til afgreiðslu bæjarráðs.

Bæjarráð samþykkir reglur um styrki vegna hleðslustöðva og vísar til bæjarstjórnar til endanlegrar samþykktar.

RBS vísar af fundi og ELA tekur sæti á fundinum á ný.

6. 1908011 - ÍA - rekstur, samskipti og samningur

Erindi Íþróttabandalags Akraness um endurskoðun á 9. gr. rekstarsamnings milli ÍA og Akraneskaupstaðar.

Hörður Helgason fulltrúi stjórnar ÍA og Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasvið taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Bæjarráð þakkar fulltrúa ÍA fyrir komuna á fundinn og vísa erindinu til fjárhagsáætlunargerðar 2020.

Hörður Helgason og Valgerður Janusdóttir víkja af fundi.

7. 1909246 - Málefni HVE

Málefni Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á Akranesi.

Jóhanna Fjóra Jóhannesdóttir forstjóri HVE og Þura Björk Hreinsdóttir hjúkrunarforstjóri HVE taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Bæjarráð þakkar Jóhönnu Fjólu forstjóra HVE og Þuru Björk hjúkrunarforstjóra HVE kærlega fyrir komuna á fundinn og veittar upplýsingar.

Jóhanna Fjóra og Þura Björk víkja af fundi.

8. 1909265 - Úttekt á Slökkviliði Akraness og Hvalfjarðarsveitar 2019

Drög að svari til Mannvirkjastofnunar vegna erindis stofnunarinnar frá 25. september síðastliðinn.

Bæjarráð samþykkir að svarið verði sent til Mannvirkjarstofnunar og felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.

9. 1909261 - Tré lífsins - Minningagarður

Erindi frá Tré lífsins um Minningargarð.

Bæjarráð þakkar erindið en getur því miður ekki orðið við því.

10. 1901099 - Bókasafn framtíðarinnar

Forstöðumaður menningar- og safnamála leggur fram tillögu um framtíðarsýn Bókasafns Akraness til ársins 2023.

Ella María Gunnarsdóttir forstöðumaður menningar- og safnamála tekur sæti á fundinum undir þessum lið kl. 10:50

Bæjarráð samþykkir tillöguna en framvinda verkefnisins ræðst af fjárveitingum í fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar fyrir árið 2020. Bæjarráð felur forstöðumanni menningar- og safnamála að vinna verkefnið áfram.

11. 1908314 - Rekstur og umsjón Bíóhallarinnar - útboð

Tillaga menningar- og safnanefndar um rekstur og umsjón Bíóhallarinnar.

Ella María situr áfram undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir að gengið verði til samninga við Vini hallarinnar ehf. á forsendum útboðsins.

Tilboðsgjafi var sá eini sem sendi inn tilboð og tilboðið uppfyllir ákvæði útboðssgagnanna.

12. 1910008 - HEIMA-SKAGI tónlistarhátíð

Erindi menningar- og safnanefndar um tónlistarhátíðina Heima-Skagi.

Ella María situr áfram á fundinum undir þessum lið.

Bæjarráð fagnar framtakinu og samþykkir að styrkja tónlistarhátíðina samtals að fjárhæð kr 450.000,- Kostnaðinum verður mætt af liðnum 20830-5948.

Bæjarráð bendir forsvarsmönnum hátíðarinnar á að beina styrkbeiðni á árinu 2020 til Uppbyggingarsjóðs Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi.